

AUGLÝSING

um gildistöku deiliskipulags Kotabyggðar í Svalbarðsstrandarhreppi.

Þann 11. desember 2013 samþykkti Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps nýtt deiliskipulag fyrir Kotabyggð í Svalbarðsstrandarhreppi skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið er um 12,7 ha að stærð, sunnan og vestan við Veigastaðaveg nr. 828. Deiliskipulagsáætlunin kveður á um breytingu á hluta Kotabyggðar úr frístundabyggð yfir í íbúðarbyggð. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir 20 íbúðarhúsalóðum og 21 lóð fyrir frístundahús. Í skipulagsáætluninni er leitast við að frístundabyggð annars vegar og íbúðarbyggð hins vegar myndi samfelldar heildir. Allar lóðir á svæðinu tengjast um eina vegtengingu frá Veigastaðavegi nr. 828, að lóð nr. 6 frátalinni sem tengist Veigastaðavegi beint.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti til 19. júní 2013. Nokkur atriði athugasemda gáfu tilefni til óverulegra leiðréttinga og breytinga á skipulagsgögnum. Jafnframt voru gerðar óverulegar leiðréttingar á skipulagsgögnum vegna athugasemda frá Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Ítarlega er gerð grein fyrir breytingunum í greinargerð skipulagsins.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Svalbarðseyri, 3. febrúar 2014.

Jón Hrói Finnsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. febrúar 2014